

# Skólaráð

---

Skólaráð 10. október 2013.

34. fundur

Fundur settur kl. 8.30

**Mætt voru:** María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ragnheiður Ásmundsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Sverrir Kristinsson og Erna Lea Bergsteinsdóttir, fulltrúar nemenda, Margrét Hanna og Sigurbjörg Daníelsdóttir, fulltrúar foreldra og Kristín Thoroddsen, fulltrúi grenndarsamfélags.

1. Funda- og starfsáætlun skólaráðs
2. Skólastarfið framundan
3. Önnur mál

Fundurinn hófst á því að allir kynntu sig og nýir fulltrúar boðnir velkomnir.

1. María fór yfir funda- og starfsáætlun skólaráðs og það helsta sem viðkemur skólastarfinu í vetur. Samtals eru 65 starfsmenn innan skólans og þar af 36 kennarar sem allir eru í fullu starfi nema einn. María sagði frá nýrri deild fyrir einhverfa og að hún hafi fengið nafnið Berg. Sigurlaug Ásta Grétarsdóttir stýrir deildinni en þar starfa jafnframt tveir sérkennarar, tveir almennir kennarar og tveir stuðningsfulltrúar. Í stjórnunarteymi skólans eru María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Hafdís Ásgeirsdóttir deildarstjóri 1. – 6. bekkja, Margrét Ólöf Jónsdóttir deildarstjóri 7. – 10. bekkja. Töluvert er af nýju starfsfólki og fór María yfir þann hóp.

2. Skólastarfið er með svipuðu sniði og í fyrra en innleiðing Aðalnámskrár grunnskóla verður aðalverkefnið okkar utan kennslu. Jafnframt verður unnin símenntunaráætlun þar sem gert verður ráð fyrir fyrirlesturum og stuðningi við starfsmenn utan þeirra fyrirlestra sem við fáum vegna vinnu við innleiðinguna.

Í forvarnaráætlun skólans eru áherslur á samskipti og líðan nemenda. Áhugi er fyrir því að auka fjölbreytni í kennsluháttum og munum við í vetur fá Lilju Jónsdóttur með fræðslu þess efnis.

## Skólaráð

---

Margir kennarar innan skólans eru komnir með kennsluafslátt sem gefur svigrúm til að nýta reynslu og þekkingu þeirra til að styðja við faglegt starf innan skólans í þeim viðbótartíma sem þeir hafa.

Rætt var um SMT og að nemendur vilji sjá meira af geislum. Við tókum þá athugasemd til okkar og munum minna starfsfólk á að taka eftir því sem nemendur gera vel með því að hrósa þeim og hvetja áfram.

Á áætlun er fyrirhugað skólaþing og ræddar voru hugmyndir og um efni og fyrirkomulag. Ein hugmyndin sem kom upp var að skoða saman uppeldis- og kennslufræðilega sýn okkar á skólastarfið og að jafnvel væri hægt að búa sér til sáttmála þar sem allir koma að; starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur. Farið verður nánar yfir þetta síðar.

**3.** Undir liðnum önnur mál sagði María að Hafnarfjarðarbær hafi verið dreginn út til að taka þátt í úttekt sem vinna á á sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Upplýsingum verður safnað og unnin skýrsla upp úr þeim.

Ákveðið var að fundir skólaráðs skólaárið 2013 – 2014 yrðu á fimmtudagsmorgnum kl. 8.10.

Fundi slitið kl. 9:30